

Sannkölluð túristagilda



Nokkrir áningarstaðir eru á þjóðvegum landsins og er Snæfellsnesið ekki undanskilið, oft eru þessir staðir annað hvort með bekkjum eða upplýsingaskiltum eða hvoru tveggja.

Segja má að þetta séu svokallaðar túristagildir vegna þess að þær eru hannaðar þannig að keyrt

er inn á einum stað og út á öðrum með djúpa laut á milli. Þegar snjór er mikill fyllast lautirnar og túristarnir taka ekki eftir því, aka þeir beint ofan í og sitja fastir.

Þó að túristarnir séu ekki sérlega ánægðir með þetta þá er þetta atvinnuskapandi fyrir þá sem gera út á aðstoða túrista.

þa

Góugleði á Sandi



Góugleðin var haldin laugardagskvöldið 12. mars síðastliðinn í Röstinni á Hellissandi. Upphaflega átti skemmtunin að vera haldin 26. febrúar en henni var frestað vegna fjölgunar smita í samfélaginu.

Vel var mætt á gleðina af fólki af öllum aldri og einungis örfáir miðar eftir óseldir. Eftir að matur

frá Sker hafði verið borin fram sá nefndin um stórskemmtileg, vel framkvæmd og útpæld leikatriði og söngva.

Að skemmtiatriðum loknum var svo dansleikur með Didda og félögum þar sem gestir gátu loksins notið þess að stíga nokkur dansspor eftir heldur langa pásu.

sj



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

CrossFit Open 22

Í liðinni viku kláraðist CrossFit Open en það er viðburður á heimsvisu með yfir 13.000 þátttakendum. Á hverjum föstudegi í þrjár vikur kom út æfing sem þátttakendur höfðu fjóra daga til að spreyta sig á. Þátttakendur skráðu árangur sinn svo inn á gagnagrunn og gátu þar séð hvar þeir standa miðað við aðra í heiminum eða aðra á Íslandi.

Fyrir þá sem ekki þekja til í CrossFit er hægt að taka æfingar í Rx flokki og Sc flokki. Rx stendur fyrir "as prescribed" eða eins og mælt er fyrir og Sc stendur fyrir skölun en þá er tekið auðveldari útgáfur af æfingunum.

Þátttakendur í Open 22 úr CF

Snb í ár voru 14 talsins. Þá voru tvær skráðar í Rx kvenna, 11 í Sc kvenna og 1 karlmaður skráður í Sc 60+. Baldvin Leifur Ívarsson kallar ekki allt ömmu sína og er hann sá eini á Íslandi sem tekur þátt í Open í þessum flokki.

Box7 í Grundarfirði átti fimm þátttakendur í Open 22, þar af þrjár Rx karla og tvær í Rx kvenna. Það er öflugir einstaklingar sem æfa CrossFit hér á nesinu og er það staðfest með þessum viðburði þar sem af efstu tuttugu sætunum í Sc kvenna koma átta frá CF Snb. Í Open 21 sem fór fram í fyrra áttu konur úr CF Snb efstu 5 sætin í þessum sama flokki.

sj



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Getraunir 1X2 og nöldur!

Þrátt fyrir svoltið erfiðan seðil, að mati „sérfræðinganna“ var einn með 10 rétt úrslit, sem gaf frekar nettann vinning! Við höldum áfram að tippa og mætum í Átt-hagastofuna á laugardaginn. Svona seðlar reyna á heppnina og því um að gera að vera með. Einn seðilhafi síðasta laugardag var með eitt gisk af þrettán rétt á sínum seðli, sem mér finnst ekki síður nokkuð gott. Það verður kaffi á könnunni eins og verið hefur og öllum frjálst að koma og styrkja Víking.

Núna er alvarn fram undan hjá liðunum hér í Snæfellsbæ. Lengjubikarinn á fullu og Víkingur ætti að vera búð að spila einn heimaleik, hér á gervigrasinu og næsti heimaleikur á að vera hér þann 26. mars, eða á laugardaginn eftir viku. Reynir átti líka heimaleik hér 19. mars, sem þurfti að spila annarsstaðar. Þar sem að eru gervigrasvellir á landinu eru menn víða að nota þá til fótbolta iðkunar á

þessum tíma. Til dæmis á Dalvík, en um síðustu helgi var verið að leika þar í lengju bikarnum, sá ég á myndum. Einnig er leikið á völlum í Reykjavík. Ekki snjóaði minna þar. Eftir því sem mér hefur verið sagt, er völlum haldið hreinum og hreinsaðir reglulega eftir snjókomur, þannig að ekki hlaðist upp snjór á þeim, sem frýs svo í klaka. Hér er völlum undir klaka að hluta þegar þetta er skrifað. Svo er eins og að snjó hafi verið blásið, af Bæjartúninu og göngustígnunum á milli laugar og vallar, inn á völlum og ef það er rétt er það mikið virðingarleysi við þau, sem nota völlum. Með snjónum, sem er blásið af götunum getur komið mól og annað drasl, sem hefur verið á götunni og í þessu tilfelli er það ekki gott fyrir leikmenn, sem detta á vellinum og geta lent á steini eða glerbroti.

Ólafur H. Steingrímsson



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift í Snæfellsbæ og Grundarfirði,

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 1.000

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímamantanir í síma 436-1111



Sími: 430 3700
www.fm.is



Næg úrkoma á Snæfellsnesi



Enn ein mánudagslægðin gekk yfir landið á síðasta mánudag með suðaustan slyddu og síðar rigningu og fóru hviður yfir 40 metra á sekúndu. Lokað var fyrir stofnvegi á norðanverðu Snæfellsnesi eða frá Ólafsvík til Stykkishólms vegna veðurs. Einnig var Fróðárheiði lokuð en þar mældust kviður upp á 44 metra á sekúndu, Vatnaleið var einnig lokuð

en þar fóru kviður upp í 32 metra á sekúndu.

Á Hellissandi urðu svo miklir vatnavextir í Höskuldsá að ekki mátti miklu muna að hún flæddi yfir brúna sem tengir Skólabraut og Naustabúð en það er nánast árlegur viðburður að þessi litla á verður að stórflyjóti.

þa



Aðalfundur Golfklúbbsins Jökuls Ólafsvík

Aðalfundur Golfklúbbsins Jökuls verður haldinn 27. mars n.k. kl. 17 í kaffistofu HH í Rífi.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla formanns.
2. Ársreikningur lagður fram.
3. Golfvöllurinn á Rífi.
4. Önnur mál.

Félagar fjölmennum

Stjórnin

ÓLAFSVÍKUR- OG
INGJALDSHÓLSPRESTAKALL
kirkjanokkar.is



Aðskulýðsguðsþjónusta í Ólafsvíkirkirkju

verður sunnudaginn 20. mars klukkan 11. Fermingarbörn verða með lestur og bænir.

Skólakórinn syngur.

Ungmennaping á Lýsuhóli

Ungmennaping Vesturlands fór fram á Lýsuhóli dagana 12. og 13. mars. Þingið er samstarfsverkefni sveitarfélaga á Vesturlandi, ungmennaráðs Vesturlands og Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Markmiðið var að fá ungt fólk af Vesturlandi saman og stuðla að uppbyggingu í þágu ungs fólks á öllu Vesturlandi. Þingið er ætlað ungu fólki á aldrinum 14 til 25 ára. Snæfellsbær átti fimm fulltrúa sem sátu þingið um helgina. Umræðuefnin voru fjölbreytt og var meðal annars rætt um samgöngumál, búsetu ungs fólks, félagsstarf unglinga og sálfræðiþjónustu. Einnig mættu fram-



bjóðendur fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar á staðinn og svörðuðu spurningum þátttakenda á þinginu. Á meðfylgjandi

mynd eru fulltrúar Snæfellsbæjar á þinginu að ræða um málefni tengd þeirra sveitarfélagi.

sj

LIND
FASTEIGNASALA

ÁRALÖNG ÞEKKING
OG REYNSLA AF
FASTEIGNAMARKAÐI
Á VESTURLANDI

Allir kaupendur og seljendur fá
Vildarkort Lindar
sem veitir **30% afslátt**
hjá fjölmörgum fyrirtækjum



BOGI MOLBY
Löggitur fasteignasali
699 3444
molby@fastlind.is



Sumarafleysingar á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Jaðri

Leitast er eftir jákvæðu starfsfólki til góðra samskipta og umönnunar í sumarafleysingar nk. sumar á Dvalar- og hjúkrunarheimilið Jaðar í Ólafsvík.

Á Jaðri er starfsumhverfi gefandi og starfsandi góður. Starfshlutfall samkomulagsatriði.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum Kjalars starfsmannafélags og Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

Upplýsingar veitir Inga Jóhanna Kristinsdóttir, forstöðumaður, í síma 433 6933 eða á inga@snb.is.



Snæfellsbær | Klettsbúð 4 | 433 6900 | snb.is



Rauði krossinn

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Rauða krossins í Snæfellsbæ verður haldinn

miðvikudaginn 30. mars 2022

kl. 20.00

í Áttthagastofunni.

Venjuleg aðalfundarstörf

Stjórn Rauða krossins Snæfellsbæ

Mokuðu snjó fyrir æfingu



Víkingur Ó. hefur ekki getað æft á Ólafsvíkurvelli síðustu misseri vegna þess að búið er að vera mikill snjór á vellinum. En í síðustu viku mættu liðsmenn ásamt stjórnarmönnum fyrir æfingu til að moka snjó af vellinum og flýta fyrir því að snjóinn taki upp svo hægt sé að æfa og spila heimaleik-

ina sem eftir eru af Lengjubikarnum á vellinum.

Eitthvað verður þó umhleypingasamt áfram þannig að þeir gætu þurft að moka aftur en best er þó að hreinsa völlinn jafnóðum svo ekki safnist svona mikill snjór sem verður svo að klaka.

þa



Bifreiðaverkstæði Ægis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

Markaðsloppa á Reks



Sunnudaginn 13. mars var markaðsloppa á Reks.

Hringrársarhagkerfið sem hefur verið að slá í gegn um allt land kíkti í heimsókn til Snæfellsbæjar og tóku bæjarbúar vel í framtakið. Sjö aðilar settu upp bása á Reks og seldu þar föt, skó og heimilismuni í góðu standi. 10. bekkur í Grunnskóla Snæfells-

bæjar sá um kaffisölu á staðnum og rann ágóðinn af henni í útskriftarferð sem unglíngarnir munu fara í í vor.

Eins manns rusl er annars manns gull á vel við hér og fallegt að sjá hluti fá nýtt líf, bæði er það gott fyrir umhverfið og veskið.

sj